

Handbók
Fimleikadeildar Keflavíkur
2016-2020



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Betri Deild
Betri félag

Efnisyfirlit

1. Inngangur

2. Markmið og skipulag deildarinnar	3
2.1 Markmið	3
Félagsleg	3
Íþróttaleg	3
Fjárhagsleg	3
2.2. Skipurit deildarinnar	3
3. Umgjörð þjálfunnar og keppni	4
3.1. Andi stefnunnar	4
3.2. Markmið	4
a) 2 – 5 ára	4
b) 5 – 8 ára	4
c) 9 - 12 ára	4
d) 13 – 19 ára	5
3.3. Leiðir	5
4. Kennslu- og æfingaskrá deildarinnar	5
4.1. Fjármálastjórn	5
4.2. Þjálfaramenntun	5
4.3. Þjálfarafundir	6
5. Verðlaun og viðurkenningar	6
6. Félagsstarf	6
7. Foreldraráð	6
8. Hlutverk þjálfara	7
9. Jafnréttismál	7
10. Siðareglur	7
11. Umhverfismál	9
12. Fræðslu- og forvarnarstarf	10
12.1. Forvarnagildi íþróttar	10
12.2. Stefna deildarinnar varðandi einelti	10
12.2.1. Viðbrögð við einelti innan deildarinnar	10
12.3. Stefna deildarinnar varðandi kynferðislegt áreiti/ofbeldi	11
12.3.1. Viðbrögð deildarinnar varðandi kynferðislegt áreiti/ofbeldi	11
12.4. Neysla tóbaks og vímuefna	11
12.4.1. Viðbrögð deildarinnar við neyslu iðkenda	12
12.4.2. Hlutverk þjálfara vegna neyslu iðkenda	12
12.4.3. Samstarf við foreldra vegna neyslu	12

1. Inngangur

Handbók þessi lýsir stefnu Fimleikadeildar Keflavíkur til þess að verða betri *deild*. Það sem fram kemur miðar fyrst og fremst við barna- og unglíngastarfið. Lítið er um iðkendur eldri en 18 ára hjá Fimleikadeild Keflavíkur. Áhersla hefur verið lögð á að skoða allar hliðar starfsins.

2. Markmið og skipulag deildarinnar

2.1 Markmið

Félagsleg

- Að öllum iðkendum líði vel og hafi ánægju af æfingum og keppni og að tekið sé tillit til mismunandi þarfa iðkenda.
- Að iðkendur læri að vera hluti af liðsheild og beri virðingu fyrir öllum þeim sem að íþróttinni koma.
- Að allir geti verið í fimleikum á sínum forsendum.


Íþróttaleg

- Að iðkendur nái sem mestum tókum á fimleikum miðað við eigin forsendur.
- Að allir iðkendur taki framförum í sinni íþróttaiðkun.
- Að æfingarnar séu við hæfi hvers og eins.

Fjárhagsleg

- Að reksturinn sé sjálfbær og standi fjárhagslega undir sér.

2.2. Skipurit deildarinnar



Stjórnarmenn eru yfirleitt foreldrar iðkanda. Reynt er eftir fremsta megni að stjórnarmenn eigi iðkendur úr mismunandi hópum. Það er oft gott á stjórnarfundum að hafa mismunandi

sjónarhorn frá stjórnarmönnum. Leitast er eftir því að hafa sem jafnast kynjahlutfall stjórnarmanna og við verður komið. Stjórn fimleikadeildar Keflavíkur er með áheyrnafulltrúa í stjórn úr aldursflokknum 16 – 25 ára.

3. Umgjörð þjálfunar og keppni

Starf deildarinnar tekur mið af stefnuyfirlýsingu ÍSí um íþróttir barna og unglunga. Allt stjórnarfólk og starfsmenn deildarinnar eiga að kynna sér stefnuyfirlýsingu ÍSí fyrir 1. október ár hvert. Þegar nýir starfsmenn og stjórnarmenn hefja störf hjá deildinni ber þeim að kynna sér þessa stefnuyfirlýsingu innan mánaðar frá því að þeir hófu störf.

3.1. Andi stefnunnar

Deildin hefur það að leiðarljósi að íþróttaiðkun skuli vera þroskandi líkamlega, andlega og félagslega. Með því móti má skapa aðstæður fyrir börn og unglunga til að njóta sín innan íþróttahreyfingarinnar.

Með skipulegri og markvissri þjálfun má skapa börnum og unglingum aðstæður til að verða afreksmenn síðar meir á lands- eða alþjóðamælikvarða þegar þeir hafa mesta líkamlega og sálræna hæfileika til þess. Að sama skapi er gert ráð fyrir að þeir sem ekki velja að fara afreksleiðina fái tækifæri til að stunda fimleika við sitt hæfi.

3.2. Markmið

Markmið aldurhópa skal skiptast þannig:

a) 2 – 5 ára

- Börnin koma í krakkafimleika á laugardögum
- Þar kynnast þau starfinu, þjálfurunum, húsnæðinu og íþróttinni
- Efling hreyfi- og félagsþroska
- Börnin læra að vinna og vera í hóp

b) 5 – 8 ára

- Börnin vinna í minni hópum
- Meiri áhersla lögð á tækni- og grunnæfingar
- Áhersla lögð á íslenska fimleikastigann
- Börnin velja hóp fimleika eða áhaldafimleika
- Strákar og stúlkur æfa í sitt hvorum hópnum

c) 9 - 12 ára

- Iðkendur sem æfa áhaldafimleika byrja að keppa á vegum Fimleikasambands Íslands
- Börnin keppa í því þrepi sem hæfir þeirra getu

[Type text]

- Iðkendur sem æfa hóp fimleika keppa og æfa með sínum aldursflokki

d) 13 – 19 ára

- Iðkendur sem æfa áhaldafimleika eru komnir yfir á afrekssvið. Þeir keppa og æfa sem slíkir
- Iðkendur sem æfa hóp fimleika æfa og keppa með sínum aldursflokki
- Markmið í þessum hópum er að bæta sig
- Styrkja þá getu sem fyrir er komin

3.3. Leiðir

Eftirfarandi leiðir eru notaðar til þess að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið.

- Æfingar séu fjölbreytilegar og stuðli að bættum hreyfiproska
- Unnið er með gróf- og fín hreyfingar
- Að þjálfunin fari sem mest fram í leikformi meðan iðkendur eru ungir
- Að æfingar séu skemmtilegar
- Að öll börn fái jöfn tækifæri til þátttöku
- Iðkendur eru hvattir til þess að vanda sig og gera sitt besta á æfingum
- Að háttvísi og íþróttamannsleg framkoma er kennd
- Að iðkendur öðlist sjálfstraust og sjálfsaga til þess að stunda íþróttina sem best

4. Kennslu- og æfingaskrá deildarinnar

Komið er gott samræmi milli aldurs og æfinga hjá fimleikadeild Keflavíkur. Yngstu iðkendurnir byrja á því að æfa í 50 mínútur á viku. Svo eykst tíminn hægt og rólega miðaða við aldur og getu. Þeir iðkendur sem eru lengst komnir og eru elstir æfa allt að 18 klukkustundir á viku.

4.1. Fjármálastjórn

4.1.1. Fjárhagsáætlun mun liggja fyrir á aðalfundi

Sökum þess hve fáir fullorðnir iðkendur eru hjá okkur er ekki þörf á að aðskilja fjárhag eftir aldri né kyni

4.1.2. Ársreikningar síðasta árs

Ársreikingur liggur fyrir á aðalfundi ár hvert þar sem fundarmönnum gefst tækifæri til þess að kynna sér efni hans. Markmiðið hjá deildinni er að birta ársreikning á heimasíðu félagsins um leið og kostur er til þess og eftir að aðalfundur hefur samþykkt hann.

4.2. Þjálfaramenntun

Fimleikadeild Keflavíkur stefnir að því að allir þjálfarar innan deildarinnar hafi lokið námsskeið 1 A hjá Fimleikasambandi Íslands áður en þeir byrja að þjálfa hjá deildinni. Þá er einungis í boði að vera

[Type text]

aðstoðarþjálfari í yngri hópum. Við hvetjum þjálfarana okkar til að taka öll þau námsskeið sem þjóðast og mennta sig jafnt og þétt. Þeir þjálfarar sem ekki hafa lokið stigi 1 og 2 hjá ÍSÍ og FSÍ þjálfar ekki börn eldri en 12 ára. Stjórn deildarinnar og framkvæmdarstjóri deildarinnar hvetur alla starfsmenn til þess að sækja námsskeið á vegum Fimleikasambands Íslands. Einnig eru þjálfarar hvattir til þess að taka námsskeið 1 og 2 á vegum ÍSÍ. Fimleikadeild Keflavíkur er með hvetjandi launakerfi sem byggir á því að með hverju námsskeiði sem þjálfari sækir þá hækkar tímakaupið. Fimleikadeild Keflavíkur greiðir helming af þjálfaranámsskeiðum fyrir þjálfara sína sem og dómaranámsskeiðum. Öll laun eru samræmd burtséð frá kyni þjálfara, konur jafnt sem karlar fá sömu laun hjá fimleikadeild Keflavíkur séð út frá menntun þeirra. Hámark iðkenda á hvern þjálfara eru 12 iðkendur. Um leið og sú tala verður hærri er settur inn aðstoðarþjálfari.

4.3. Þjálfarafundir

Þjálfarafundir eru haldnir reglulega þar sem farið er yfir helstu áhersluatriði deildarinnar og þá atburði sem framundan eru. Þessir fundir eru nauðsynlegir til þess að stilla saman strengi þjálfaranna og gera alla þjálfun markvissari.

5. Verðlaun og viðurkenningar

Þegar börn hafa náð 9 ára aldri mega þau keppa á vegum Fimleikasambands Íslands. Enn er þó lögð áhersla á liðakeppni fyrir yngsta aldursflokkinn

6. Félagsstarf

- Þjálfarar og foreldrar sjá um að skipuleggja 1 – 2 viðburði yfir árið utan æfingátíma. Pizzukvöld, videokvöld og foreldraæfingar hafa verið vinsæl hingað til
- Framkvæmdarstjóri sér um að skipuleggja ásamt stjórn deildarinnar bíóferð og páskabingó. Einnig eru tækifæri gripin ef að aðrir möguleikar á skemmtun opnast

7. Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðs er eftirfarandi :

- Styðja við starfsemi deildarinnar
- Aðstoða við fjáraflanir og áhaldakaup
- Vera talsmenn foreldra inn í stjórn deildarinnar
- Aðstoða við hina ýmsu atburði sem við koma deildinni
- Standa vörð um hagsmuni iðkenda
- Að stuðla að betri árangri í starfi deildarinnar
- Stendur árlega fyrir a.m.k. einu fræðslukvöldi fyrir iðkendur / foreldra í samráði við stjórn

Starfsreglur foreldraráðs eru eftirfarandi :

- Foreldraráð starfar sjálfstætt en í samvinnu við stjórn deildarinnar.
- Stjórn skipar einn tengilið við foreldraráðið, þessi tengiliður mætir á fundi með foreldraráðinu og samræmir störf stjórnar og foreldraráðs
- Fulltrúar úr foreldraráði mæta á fundi stjórnar og á fundi með þjálfurum sé þess óskað

8. Hlutverk þjálfara

- Er að veita iðkendum sem besta þjálfun
- Er að sýna öllum iðkendum sanngirni
- Er að vera góð fyrirmynd fyrir sína iðkendum
- Er að vera góður fulltrúi deildarinnar út á við
- Við ráðningu þjálfara (og annarra starfsmanna) skal framvísa hreinu sakavottorði

9. Jafnréttismál

- Deildin sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar
- Deildin hvetur bæði drengi og stúlkur til þess að iðka fimleika
- Deildin leitast við að hafa sem jafnast kynjahlutfall í stjórnnum og ráðum
- Fimleikadeildin gætir þess að aðgengi fyrir fatlaðra sé sem best. Hvort sem það er dags daglega, á mótum, æfingum og sýningum. Nú þegar eru tvö bílastæði, lyfta og salerni fyrir fatlaða í húsakynnum Fimleikadeildarinnar.
- Fimleikadeildin er með hóp sem heitir „Special Olympics“ og er sérsniðinn að þörfum fatlaðra einstaklinga.

10. Siðareglur

Siðareglur deildarinnar eru samhljóða siðareglum Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags (sbr. http://www.keflavik.is/Files/1972_Sidareglur_kef.pdf)

Markmið félagsins með siðareglum er að veita félagsmönnum sínum almennar leiðbeiningar í leik og starfi. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Siðareglurnar skulu vera hvetjandi og leiðbeinandi í senn og skal kynna öllum félagsmönnum.

Reglurnar eru ekki eingöngu leiðbeinandi heldur geta þær haft refsíákvæði af ýmsum gerðum.

Foreldri/forráðamaður, hafðu ávallt hugfast að:

1. Barnið þitt er í íþróttum vegna eigin ánægju en ekki til að gleðja þig
2. Hvetja barnið þitt til þátttöku í íþróttum, ekki þvinga það
3. Hrósa öllum iðkendum á meðan æfingu, leik eða keppni stendur, ekki aðeins þínu barni
4. Hvetja börnin bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs. Ekki gera grín að barni ef mistök eiga sér stað
5. Vera börnum fyrirmynd í því að taka ósigri af æðruleysi, taka sigri hrokalaust og sýna andstæðingum kurteisi

[Type text]

6. Bera virðingu fyrir störfum þjálfarans, ekki reyna að hafa áhrif á störf hans meðan á leik eða keppni stendur
7. Líta á dómarrann sem leiðbeinanda barna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans
8. Læra að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barnið þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu
9. Spyrja barnið hvort keppnin eða æfingin hafi verið skemmtileg eða spennandi, úrslitin eru ekki alltaf aðalatriðið

Iðkandi (yngri) - Þú ættir að:

1. Gera alltaf þitt besta
2. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair Play) í íþróttum
3. Taka þátt í íþróttum á eigin forsendum en ekki vegna þess að foreldrar þínir eða þjálfari vilja það
4. Sýna öllum iðkendum virðingu, jafnt samherjum sem mótherjum
5. Þræta ekki eða deila við dómarrann
6. Sýna öðrum virðingu og vera heiðarlegur og opinn gagnvart þjálfara og forystufólki félagsins sem ber ábyrgð á þér við æfingar og keppni
7. Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins
8. Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig
9. Mæta á réttum tíma á æfingar, keppnir eða annað sem viðkemur félaginu

Iðkandi (eldri) - Þú ættir að :

1. Gera alltaf þitt besta
2. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair play) í íþróttum
3. Hafa heilbrigði alltaf að leiðarljósi og forðast að taka áhættu varðandi heilsu þína með því að neyta aldrei ólöglegra lyfja til að bæta árangur þinn
4. Virða alltaf ákvarðanir dómara og annarra starfsmanna leiksins
5. Bera virðingu fyrir hæfileikum, getu annarra og forðast neikvæð ummæli og skammir óháð kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð
6. Vera heiðarlegur og opinn í samvinnu við þjálfara og aðra sem styðja þig
7. Taka sjálfur höfuðábyrgð á framförum þínum og þroska
8. Vera ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu, jafnt utan vallar sem innan, og hafa hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda
9. Samþykkja aldrei eða sýna ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði
10. Forðast nán samskipti við þjálfara þinn

Þjálfari:

1. Meðhöndlaðu alla iðkendu á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum. Hafa ber í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega
2. Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika
3. Haltu á lofti heiðarleika (Fair Play) innan íþróttarinnar
4. Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómarrar taka
5. Kenndu iðkendum að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni
6. Vertu jákvæður, réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart iðkendum þínum
7. Viðhafðu jákvæða gagnrýni og forðastu neikvæða gagnrýni.
8. Settu ávallt á oddinn heilsu og heilbrigði iðkenda þinna og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra
9. Talaðu alltaf gegn notkun ólöglegra lyfja
10. Talaðu ávallt gegn neyslu áfengis og tóbaks

[Type text]

11. Sýndu athygli og umhyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum
12. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf og viðurkenndu rétt iðkandans til að leita ráða frá öðrum þjálfurum
13. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði
14. Beittu aldrei kynferðislegri áreitni eða náíð samband við iðkanda þinn
15. Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki á leiki né æfingar, nema með leyfi foreldra
16. Sinntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og Internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar
17. Vertu meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmynd, bæði utan vallar og innan
18. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, stjórnmalaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð
19. Notfærðu þér aldrei aðstöðu þína sem þjálfari til að uppfylla eigin áhuga á kostnað iðkandans
20. Hafðu ávallt í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega
21. Forðastu að koma þér í þá aðstöðu að þú sért einn með iðkanda

Stjórnarmaður/starfsmaður:

1. Stattu vörð um anda og gildi félagsins og sjáðu um að hvort tveggja lifi áfram meðal félagsmanna
2. Hafðu ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk
3. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, litarhætti og kynhneigð
4. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri
5. Haltu félagsmönnum vel upplýstum og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er
6. Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan
7. Taktu alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum
8. Rektu félagið ávallt eftir löglegum og ábatasömum reikningsskilaaðferðum
9. Notfærðu aldrei stöðu þína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins
10. Taktu og beittu gangrýni á jákvæðan hátt

11. Umhverfismál

Deildin hefur sett sér stefnu í umhverfismálum. Deildin leitast við að ganga um umhverfi sitt af nærgætni. Félagið hefur eftirfarandi atriði að leiðarljósi:

- Deildin hvetur til sparnaðar í keyrslu með því að foreldrar, þjálfara og iðkendur sameinast í bíla þegar sækja þarf mót út fyrir sveitarfélagið
- Pappír er að öllu jöfnu losaður á sérstakar losunarstöðvar (til endurnýtingar)
- Sorpílát eru sett upp bæði innan- og utanhúss
- Áhorfendur og iðkendur eru upplýstir um staðsetningu ruslafata
- Tiltekt fer fram á svæði eftir æfingar/keppnir
- Þátttöku í árlegum umhverfisdegi Keflavíkur
- Farið sé með goslát í endurvinnslu
- Deildin forðast ónauðsynlegar pakkningar
- Endurnýtanleg ílát eru flokkuð frá öðru sorpi
- Íþróttasvæðið sé reyk- og vímuefnalaust

12. Fræðslu- og forvarnarstarf

Skv. stefnu ÍSÍ hefur deildin sett sér þá stefnu að áfengis- og eða tóbaksneysla eigi sér ekki stað í tengslum við íþróttaiðkun og er áfengisneysla á meðan íþróttakeppni stendur bönnuð, sömuleiðis eru reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum bannaðar.

Deildin leggur auk þess áherslu á að þjálfarar, stjórnarmenn og aðrir starfsmenn virði þessar reglur í umgengni við börn og unglunga í íþróttum.

12.1. Forvarnagildi íþróttar

Íþróttahreyfingin gengnir mikilvægu hlutverki í vímuvörnum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmennum reiðir betur af og neyta síður vímuefna sem eru virk í íþróttastarfi. Einnig sýna rannsóknir að neysla vímuefna og tóbaks hafa mjög skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Deildin vill efla enn frekar vímuvarnargildi íþróttar með því að taka skýra afstöðu gegn neyslu í tengslum við íþróttir. Í þessari stefnuyfirlýsingu er talað um vímuefnaneyslu og er þá átt við neyslu áfengis og annarra vímuefna.

12.2. Stefna deildarinnar varðandi einelti

Stefna deildarinnar er samhljóða Keflavík íþróttar- og ungmennafélags (Keflavík), sem telur mjög mikilvægt að öllum líði vel í leik og starfi innan Keflavíkur og að sá grundvallarréttur, að fá að vera óáreittur, sé virtur. Keflavík leggur áherslu á að stuðla að jákvæðum samskiptum þar sem hver og einn sé ábyrgur fyrir orðum sínum og gjörðum. Starfsfólk og sjálfboðaliðar eiga þannig að gæta vandvirkni og samvikusemi og koma fram af umhyggju, heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með og fyrir. Keflavík leggur einnig ríka áherslu á að starfsfólk og sjálfboðaliðar séu fyrirmyndir þátttakenda og sýni góða hegðun og gott fordæmi, jafnt í starfi sem utan þess. Jafnframt telur Keflavík mikilvægt að stuðlað sé að heilbrigðu, uppbyggjandi og vönduðu starfi með börnum og unglingum.

Einelti er endurtekið ofbeldi þar sem einn eða fleiri, níðast á eða ráðast endurtekið á ákveðinn einstakling. Einelti er ofbeldi og félagsleg útskúfun sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann og gerandann. Einelti á sér stað á milli tveggja einstaklinga eða einstaklings og hóps. Einelti birtist með ýmsum hætti, t.d. að þolandi verður fyrir stöðugri stríðni á einn eða annan hátt, illu umtali, hann er gerður að aðhlátursefni, honum sýnd vanþóknun, útskúfun og hæðst er að honum með ýmsu móti. Einelti getur falið í sér að þolandanum finnist að allir eða flestallir í hópnum séu á móti honum þótt því sé í reynd ekki þannig farið. Ræða þarf við börn og ungmenni um samstöðu og að vera aldrei þögult vitni að stríðni eða einelti. Finnist einhverjum að verið sé að stríða honum eða leggja hann í einelti þarf að taka mark á því og skoða málið. Það er ávallt huglægt mat þolanda sem er mælikvarði á hvar mörkin í samskiptum liggja. Allir, sem starfa innan Keflavíkur, þurfa að geta gert sér grein fyrir því hvort um sé að ræða einelti eða ekki í einstökum tilvikum. Mikilvægt er að starfsfólk hvetji börn og ungmenni til þess að láta foreldra eða starfsfólkið vita, verði þau fyrir endurtekinni stríðni eða ef þau verða vör við stríðni eða deilur milli einstaklinga. Einnig er mikilvægt að hvetja foreldra til þess að láta vita ef börn og ungmenni segja þeim frá atvikum sem varða einelti.


12.2.1. Viðbrögð við einelti innan deildarinnar

Um viðbrögð vegna eineltis hjá deildinni, er vísað í vefkrækjuna <http://www.keflavik.is/files/adalstjorn/eydublad-1-kef.pdf> (Tilkynningarblað vegna gruns um einelti) og <http://www.keflavik.is/files/adalstjorn/eydublad-2-kef.pdf> (Eyðublað vegna fundar um grun um einelti). Vakni grunur um einelti innan deildarinnar skal ofangreint tilkynningarblað fyllt út og komið

til framkvæmdastjóra deildarinnar, sem skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að málið verði útkljáð. Sé framkvæmdastjóri talinn vanhæfur, skal snúa sér að formanni Keflavíkur með málið.

Leiðbeinandi verklagsreglur ef upp kemur eineltismál innan deildarinnar má sjá á neðangreindri mynd. (Sjá einnig á: <http://www.keflavik.is/files/adalstjorn/leidbeinandi-verklagsreglur-aev.pdf>). Sömu viðbrögð og reglur eiga við hvort sem það er iðkandi, starfsmaður eða sjálfboðaliði sem talinn er vera gerandi í viðkomandi máli. Meðvirkni starfsmanna/iðkenda í einelti er fordæmd.

Leiðbeinandi verklagsreglur ef upp kemur eineltismál innan Æskulýðsvettvangsins



12.3. Stefna deildarinnar varðandi kynferðislegt áreiti/ofbeldi

Það er stefna deildarinnar að starfsmenn/iðkendur sýni samstarfsfólki sínu og iðkendum alltaf kurteisi og virðingu í öllum samskiptum. Kynferðisleg áreitni verður undir engum kringumstæðum umborin í deildinni.

12.3.1. Viðbrögð deildarinnar varðandi kynferðislegt áreiti/ofbeldi

Vakni grunur um kynferðislegt áreiti/ofbeldi innan deildarinnar skal haft samband við framkvæmdastjóra deildarinnar, sem skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að málið verði útkljáð. Sé framkvæmdastjóri talinn vanhæfur, skal snúa sér að formanni Keflavíkur og/eða aðalstjórn Keflavíkur með málið. Í öllum tilvikum þar sem grunur er á að tiltekin atvik varði brot á lögum eða refsingu skal viðeigandi yfirvöldum gert viðvart, þ.m.t. lögreglu.

12.4. Neysla tóbaks og vímuefna

Öll neysla tóbaks og vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar og keppni á vegum félagsins. Félagið er auk þess andvíg tóbaks og vímuefna meðal ungmenna.

12.4.1. Viðbrögð deildarinnar við neyslu iðkenda

Deildin mun bregðast sérstaklega við allri neyslu iðkenda undir 18 ára aldri og foreldrar verða undantekningarlaust upplýstir um slíka neyslu.

Viðbrögð deildarinnar við brotum á reglum þessum verða í formi tilmæla og ábendinga. Skili slík viðbrögð ekki árangri getur komið til tímabundins banns frá æfingum og/eða keppni. Viðbrögð deildarinnar munu samt ávallt mótast af vilja til að aðstoða iðkandann við að laga sig að reglum og að hann haldi áfram að starfa innan deildarinnar.

12.4.2. Hlutverk þjálfara vegna neyslu iðkenda

Þjálfarar skulu vinna eftir vímuvarnastefnu deildarinnar, þar með talið að bregðast við vímuefnaneyslu iðkenda á viðeigandi hátt.

Þjálfarar skulu miðla til iðkenda fróðleik um áhrif vímuefnaneyslu á árangur í íþróttum.

Styðjast skal við útgefið efni frá ÍSÍ.

Þjálfarar skulu framfylgja stefnu félagsins varðandi samstarf við foreldra og aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga.

12.4.3. Samstarf við foreldra vegna neyslu

Deildin mun upplýsa foreldra um stefnu félagsins í vímuvörnum og stefnir auk þess að góðu samstarfi við foreldra um vímuvarnir.

Deildin mun hafa samráð við foreldra, þurfi að taka á neysluvandamáli iðkanda undir sjálfræðisaldri.